

Sp.

434. Þingsályktun

um athugun á hrygningarstöðum í Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu ofan við Brúaglúfur o. fl.

(Afgreidd frá Sp. 20. febr.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka hrygningarskilyrði fyrir lax í Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu ofan við Brúaglúfur. Ef þau reynast álitleg, að láta þá fram fara athugun á því, á hvern hátt auðveldast er að gera fiskiveg í Brúaglúfri, og semja kostnaðaráætlun um það, enda sé við þessar athuganir höfð í huga framhaldsvirkjun árinna.